

67. kirkjuþing 2025 - 2026

7. mál – þskj. 7a

T I L L A G A

að breytingum á starfsreglum um úrskurðarnefnd Þjóðkirkjunnar nr. 36/2022-2023.

Flm: Drífa Hjartardóttir, **Kristrún Heimisdóttir** og Steindór R. Haraldsson.

1. gr.

2. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Aðild.

Þeir sem hagsmuna eiga að gæta geta borið mál undir úrskurðarnefnd, svo sem kirkjustjórnin (forseti kirkjuþings, biskup Íslands, stjórn Þjóðkirkjunnar, sóknarnefndir), einstakir starfsmenn kirkjunnar og aðrir sem starfa innan kirkjunnar, hvort sem greitt er fyrir starfann eða ekki.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Í tillögu þessari felst að gera skýrari ákvæði 2. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar um málsaðild. Í nágildandi ákvæði segir:

“Allir, sem hagsmuna eiga að gæta, geta borið mál undir úrskurðarnefnd.”

Í 1. gr. starfsreglnanna er skilgreint hvaða málefni nefndin fjallar um.

Þar segir: “Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar skal úrskurða í málum vegna ágreinings á kirkjulegum vettvangi eða þegar starfsmaður eða trúnaðarmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um agabrot eða annað brot í starfi.

Með ágreiningi á kirkjulegum vettvangi er átt við ágreining sem varðar með einhverjum hætti kirkjulegt starf eða starfsemi á vegum kirkjunnar.

Úrskurðarnefndin fjallar ekki um málefni sem varða ráðningar og starfslok starfsfólks þjóðkirkjunnar.”

Orðalagið felur í sér að lítil takmörk eru á því hverjir geta stofnað til málarekstrar fyrir úrskurðarnefnd svo lengi sem málefnið varðar að einhverju leyti þjónustu og starf kirkjunnar.

Þykir rétt að taka upp að nýju efni ákvæða eldri starfsreglna frá 1998, sem skilgreina nánar hverjir það geti verið sem teljist hafa hagsmunum af því að leita úrlausnar úrskurðarnefndar.